

EDUCATION  
TRAINING  
YOUTH

# MAT Á GÆÐUM SKÓLASTARFS

Evrópskt tilraunaverkefni

LEIÐBEININGAR FYRIR  
ÞÁTTTÖKUSKÓLA

SAMIÐ FYRIR  
FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS:  
JOHN MACBEATH  
DENIS MEURET  
MICHAEL SCHRATZ

FRAMKVÆMDASTJÓRN  
EVRÓPUSAMBANDSINS

## EFNISYFIRLIT

1. Tilgangur tilraunaverkefnisins .....	3
2. Bakgrunnur verkefnisins .....	4
3. Fyrir hverja er verkefnið? .....	4
3.1 skólastig .....	5
3.2 reynsla af sjálfsmati og notkun þess .....	5
4. Framkvæmd verkefnisins .....	5
5. Vinna skólanna á tímabilinu ágúst 1997 – maí 1998 .....	7
5.1 Sameiginlegt fyrra stig .....	7
a) Stýrihópur verkefnis í skólanum .....	7
b) Fyrsti spurningalistinn .....	7
c) Velviljaði gagnrýnandinn .....	7
d) Sjálfsmatsramminn .....	8
e) Hagnýtar leiðbeiningar um sjálfsmat .....	9
5.2 Annað stig fyrir skóla í verkefni 1 .....	9
f) Sjálfsmatsramminn notaður til að velja a.m.k. fimm svið til frekari athugunar .....	9
g) Aðgerðaáætlun .....	9
h) Loka spurningalisti .....	10
5.2 Annað stig fyrir skóla í verkefni 2 .....	10
f) Framkvæmd umbótaáætlunarinnar .....	10
g) Mat á umbótaáætluninni .....	11
h) Loka spurningalisti .....	12
6. Aðstoð við skólana .....	12
7. Tímaáætlun fyrir tilraunaverkefnið .....	14

# 1. Tilgangur tilraunaverkefnisins

Verkefnið nefnist „Mat á gæðum skólastarfs“ og er evrópskt tilraunaverkefni. Tilgangur þess er að safna saman matsaðferðum sem notaðar eru í ýmsum löndum og læra af þeim aðferðum sem beitt er á þessu sviði. Í verkefninu er gengið út frá því að a) mat sé ofarlega á stefnuskrám flestra þjóða og b) að mat á gæðum skólastarfs geti verið tímafrekt og óáreinnilegt verk fyrir skóla.

Verkefnið verður því unnið með skólunum á því stigi sem þeir eru, þeim verður veittur stuðningur við að byggja á eigin starfsvenjum og komið í samband við aðra skóla sem einnig eru að þreifa sig áfram eða eru vel á veg komnir í þessum efnunum.

Þrenns konar skólar taka þátt í verkefninu:

1. skólar með reynslu af sjálfsmati sem einnig geta miðlað öðrum skólum af henni
2. skólar sem eru að vinna að sjálfsmati og eiga ef til vill í erfiðleikum en eru fúsir til að bæta starfsaðferðir sínar og læra af öðrum skólum
3. skólar með litla eða enga reynslu af sjálfsmati en vilja vinna að nýbreytni í skólastarfi og eru opnir fyrir nýjum hugmyndum.

Ávinningurinn nýtist á þremur stigum:

Fyrir skólana:

- aukin þekking og gagnrýnni starfshættir í skólastarfi og starfi í kennslustofunni
- aukinn skilningur á hlutverki og tilgangi mats á starfi skóla
- innsýn í hvernig nota má mat við skipulega þróun og áætlanagerð
- sameiginleg sýn Evrópuþjóða á mati á skólastarfi

Fyrir yfirvöld:

- aukinn skilningur á kostum matsferlisins
- áætlanir um viðbrögð við erfiðleikum og leiðir til að sigrast á þeim
- stofnun samskiptakerfis milli landa
- sameiginleg sýn Evrópuþjóða á mati á skólastarfi

Fyrir Evrópusambandið:

- betri samskipti milli aðildarlanda um mat á skólastarfi
- skilningur á samræmi milli almennra grundvallaratriða og ólíkrar menningar aðildarríkja sem fram kemur í mati á skólastarfi

## 2. Bakgrunnur verkefnisins

Frá árinu 1995 hefur mat á starfi skóla verið eitt af forgangssviðum Sókrates-áætlunar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þetta eru viðbrögð við síaukinni áherslu á alþjóðlegum vettvangi á mat á skólastarfi, ekki eingöngu til að bera saman árangur nemenda, heldur til að afla upplýsinga fyrir stefnumótun og til að bæta starfshætti.

Skólar munu standa betur að vígi til að mæta kröfum tuttugustu og fyrstu aldarinnar ef þeir:

- hafa góð og áreiðanleg gögn um frammistöðu sína
- hafa tæki og sérþekkingu til að finna og nýta gögn sjálfir
- skapa aðstæður þar sem kennurum og öðrum er umhugað um matsferlið vegna þess að þeir eru ánægðir með það og vegna þess að það stuðlar að bættu námi og betri kennslu
- veita upplýsingar innan skólans sem stuðla að betri skipulagningu, aukinni fagmennsku og umbótum í skólanum

Skólar sem ekki hafa sérfræðikunnáttu til að meta sig sjálfir verða berskjaldaðir fyrir mati annarra aðila. Slíkir skólar hafa engin haldbær gögn sem umræðugrundvöll eða til hrekja það sem kann að verða sagt um þá. Öðruvísi háttar til um skóla sem eru „gagnavæddir“. Þeir þekkja eigin gæði, sterkar og veikar hliðar sínar, hafa meira sjálfstraust, skýrari hugmyndir um hvert þeir stefna og eru hæfari til að takast á við breytingar og hafa frumkvæði um þær.

Verkefnið er ekki tilraun til að dæma skólana heldur er því ætlað að vinna með þeim innan frá, út frá gildum og starfsreynslu kennara og annarra lykilmanna, og virða fagmennsku kennara og reyna að efla hana með þróunarstarfi innan skólans.

Samstarf milli skóla svo margra þjóða mun byggjast á tilliti til menningarlegrar stöðu og sögu hvers skóla og virðingu fyrir sérstöðu einstakra skóla sem heildar.

## 3. Fyrir hverja er verkefnið?

Verkefnið er ætlað skólum sem vilja leggja mat á eigin gæði, vilja fá tæki til sjálfsmats, vilja deila reynslu sinni með öðrum skólum, innan lands sem utan, og læra jafnframt sjálfir af þeim.

Landsnefnd hvers lands velur nokkra skóla til þátttöku og síðan mun Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins staðfesta þátttöku alls um 100 skóla í verkefninu.

Landsnefndin er yfirstjórnandi verkefnisins í hverju landi fyrir sig og hefur yfirumsjón með starfi skólanna og er í sambandi við þá meðan tilraunaverkefnið stendur yfir. Landsnefndin mun sjá til þess að skólarnir sem taka þátt í verkefninu séu dæmi um mismunandi skólagerðir í landinu. Þess utan eru tvær aðalviðmiðanir, en þær eru:

### 3.1 skólastig

Í öllum löndunum miðast verkefnið sérstaklega við tvö skólastig:

- í helmingi skólanna eru nemendur á unglíngastigi (í alþjóðlegri flokkun nefnt ISCED 2).
- og í hinum helmingnum eru nemendur á framhaldsskólastigi (ISCED 3).

Í nokkrum löndum eru nemendur á þessum stigum í mismunandi skólum. Í öðrum eru þeir í sama skóla.

### 3.2 reynsla af sjálfsmati og notkun þess

Þátttaka skólanna verður einnig tvenns konar eftir því hvort þeir hafa reynslu af sjálfsmati eða ekki.

Skólar í öðrum hópnum fá tillögur, aðferðir og tæki sem þeir geta notað til að gera frummat á því hvar þeir standa, sem þeir síðan nota sem grunn að aðgerðaáætlun. Þeir verða beðnir að fylgjast með því hve gagnlegt sjálfsmatið er fyrir þá og semja um það skýrslu. Sá hluti verkefnisins sem þessir skólar eru í nefnist „verkefni 1“ (sub-project 1).

Í hinum hópnum einbeita skólarnir sér að því að nýta niðurstöður mats — hvernig það hefur nýst við að auka gæði og hvað megi læra af sambandinu milli matsins, annars vegar, og hvernig því er fylgt eftir, hins vegar. Þessir skólar verða í þeim hluta verkefnisins sem kallaður er „verkefni 2“ (sub-project 2).

Sameiginlegur ávinningur skólanna er samt að þeir þróa og efla „matskúltur“. Í því felst að auka hæfi kennara og skólans sem stofnunar til sjálfsgagnrýni, takast á við árekstra og mæta breytingum og bæta skólann. Lykilspurningarnar þrjár eru þær sömu fyrir alla skólana:

- Hver eru gæði menntunar í okkar skóla?
- Hvernig komumst við að því hver gæðin eru?
- Hvað getum við gert til að bæta okkur?

Þegar skóli finnur leiðir til að svara þessum spurningum og sátt verður um notkun matsins verður það smátt og smátt hluti af starfsvenjunum. Það mun varpa ljósi á lífið í kennslustofunum frá degi til dags og skapa grundvöll til að bregðast við mati aðila utan skólans eða stefnubreytingum.

## 4. Framkvæmd verkefnisins

Verkefnið verður unnið í þremur áföngum:

1. áfangi — Frumvinna
2. áfangi — Framkvæmd
3. áfangi — Miðlun og samnýting niðurstaðna

Verkefnið er ekki ósvipað samloku, með aðalatriðið, kjötið, í miðjunni.

1. áfangi — *Frumvinna. Mars 1997 – júlí 1997.* Í þessum áfanga hefur meginviðfangsefnið verið að hleypa verkefninu af stökkunum. Það fól í sér frumviðræður og umfangsmikla undirbúningsvinnu með fulltrúum þeirra 17 Evrópulanda sem taka þátt í Sókrates-áætluninni (ráðgjafarhópnum) og sérfræðinganeftinni (stýrihópnum) sem ber ábyrgð á uppbyggingu verkefnisins. Næsta skrefið var að tilnefna í landsnefndirnar sem hafa það hlutverk að velja skóla og bjóða þeim að taka þátt í verkefninu.

2. áfangi — *Framkvæmd. Ágúst 1997 – maí 1998.* Í þessum áfanga er viðfangsefnið framkvæmd verkefnisins í skólunum. Þetta er aðaláfangi verkefnisins þar sem skólarnir munu safna gögnum, endurskoða stöðu sína í ljósi gagnanna, greina hvar þörf gæti verið fyrir meiri eða betri upplýsingar og koma sér saman um forgangsroð aðgerða. Skólarnir eru hvattir til að miðla sífellt upplýsingum sín á milli. Þeir fá einnig hagnýtar leiðbeiningar um sjálfsmat. Þarna er um að ræða 20 síðna leiðbeiningarit sem sýnir lið fyrir lið hvernig setja skal viðmið og taka upp viðeigandi starfshætti fyrir matið. Tilgangur ritsins er aðeins að leiðbeina og gera tillögur, en ekki að gefa forskrift.

3. áfangi — *Mat og samnýting niðurstaðna. Frá maí 1998 og áfram.* Í þessum áfanga verða umræður og skipst verður á skoðunum á því hvað hafi áunnist og lærst. Umræður og skoðanaskipti ganga eins og rauður þráður gegnum verkefnið en eru jafnframt aðalatriðið á lokastigi þess þegar skýrslur verða bornar saman og sameiginlegir þættir athugaðir. Allir skólar verða beðnir um að fylla út endanlegan spurningalista þar sem greint er frá gangi verkefnisins og árangri þess.

Skólar verða beðnir að leggja til efni í fréttabréf þar sem greint verður frá því hvernig verkefninu miðar og leggja til efni til útskýringar á því sem skólarnir eru að gera. Þegar því verður við komið fá skólar efni í rafpósti (E-mail) og á Veraldarvefnum.

Það sem verður gert og verður **ekki** gert í verkefninu:

#### verkefnið mun

#### verkefnið mun ekki

bjóða til þátttöku skólum sem hafa áhuga	krefjast þátttöku af skólum
bjóða löndum að deila reynslu sinni	gera samanburð milli landa
hjálpa skólum við að kanna „gæði“ á kerfisbundnari hátt	fella dóma um gæði skólastarfs
hvetja til fjölbreytni og mismunar	verða spennitreyja
koma á tengslum og skiptast á hugmyndum og starfsháttum	bera skóla saman
veita stuðning, leiðbeiningar og hvatningu	krefjast einnar „réttar aðferðar“ eða setja viðmiðunarreglur

## 5. Vinna skólanna á tímabilinu ágúst 1997 – maí 1998

Framkvæmdaáfanganum má skipta í tvö stig. Fyrra stigið gildir um alla skólana sem taka þátt í verkefninu en það síðara er breytilegt eftir því í hvorum verkefnishópnum skólarnir eru (verkefni 1 eða verkefni 2).

### 5.1 Sameiginlegt fyrra stig

- a. Myndaður stýrihópur fyrir verkefnið
- b. Lokið við fyrsta spurningalista
- c. Útnefndur velviljaður gagnrýnandi
- d. Sjálfsmatsramminn
- e. Hagnýtar leiðbeiningar fyrir sjálfsmat

#### *a) Stýrihópur verkefnis í skólanum*

Í stýrihóp verkefnisins í hverjum skóla geta verið fjórir til sex:

- skólastjóri/yfirkennari (eða einhver sem tilnefndur er af honum)
- fulltrúi/fulltrúar foreldra
- fulltrúi/fulltrúar starfsmanna
- fulltrúi/fulltrúar nemenda
- aðrir sem skólinn velur

Formaður hópsins er einhver úr hópnum, en hann ætti að hafa þá stöðu og þann myndugleika sem þarf til að skipuleggja og stjórna verkefninu og vera í sambandi við landsnefndina.

#### *b) Fyrsti spurningalistinn*

Skólarnir fá frumspurningalista til að fylla út. Með honum fást grunnupplýsingar um skólann og reynslu hans af sjálfsmati. Hann verður eins konar grunnmæling eða grunnviðmið fyrir stöðu skólans í upphafi tilraunaverkefnisins sem kemur að notum til að greina hvaða breytingar verða meðan verkefnið stendur yfir, ef þær verða einhverjar.

#### *c) Velviljaði gagnrýnandinn*

Velviljaði gagnrýnandinn er einhver utan skólans. Hann eða hún getur komið frá fræðsluyfirvöldum (í því tilviki er æskilegt að hann/hún hafi engin bein völd í sambandi við viðkomandi skóla), frá háskóla eða öðrum skóla. Hann eða hún getur verið foreldri eða komið frá einkafyrirtæki. Þrátt fyrir að gagnrýnandinn ætti fyrst og fremst að vera velviljaður skólanum ætti hún eða hann einnig að vera reiðubúin(n) að gagnrýna og véfengja það sem skólinn er að gera.

Velviljaði gagnrýnandinn verður að spyrja krefjandi og faglegra spurninga þannig að það verði skólunum hvatning til að endurskoða það sem þeir eru að gera. Þegar því verður við komið ætti velviljaði gagnrýnandinn að hafa sérþekkingu á sjálfsmati og reynslu af ráðgjöf í skólastarfi. Umfram allt verður skólinn að telja hann trúverðugan og treysta honum.

**d) Sjálfsmatsramminn**

Sjálfsmatsramminn er einfalt tæki fyrir skólana til að meta sig út frá tólf lykilþáttum gæða (sbr. töfluna hér að neðan). Í upphafi verkefnisins meta skólarnir sig miðað við alla tólf þættina. Það er gert með fjórskiptum matskvarða frá jákvæðu yfir í neikvætt og breytingakvarða frá framför yfir í afturför. Ramminn er svo einfaldur að flestir geta notað hann, og þar sem forráðamenn skóla, kennarar, nemendur og foreldrar dæma hverjir fyrir sig verður mismunur á mati þeir mjög ljós. Með öðrum orðum, þá gefur þetta skólanum gagnlegar vísbendingar til að greina þau svið sem þarf að þróa frekar.

Svið	Mat	Nýleg þróun+
1 Námsárangur	++ + - --	↑ → ↓
2 Persónulegur og félagslegur þroski	++ + - --	↑ → ↓
3 Hvert fara nemendur að loknu námi í skólanum?	++ + - --	↑ → ↓
4 Hlutur tímans í námi	++ + - --	↑ → ↓
5 Gæði náms og kennslu	++ + - --	↑ → ↓
6 Stuðningur í námserfiðleikum	++ + - --	↑ → ↓
7 Skólinn sem námsstaður	++ + - --	↑ → ↓
8 Skólinn sem félagslegur vettvangur	++ + - --	↑ → ↓
9 Skólinn sem vinnustaður fagfólks	++ + - --	↑ → ↓
10 Skóli og heimili	++ + - --	↑ → ↓
11 Skóli og samfélag	++ + - --	↑ → ↓
12 Skóli og starf	++ + - --	↑ → ↓
13	++ + - --	↑ → ↓
14	++ + - --	↑ → ↓

Í hagnýtu leiðbeiningunum um sjálfsmat er að finna ítarlegar leiðbeiningar um notkun matsrammans. Allir skólarnir (100) sem taka þátt í verkefninu nota matsrammann sem fyrsta skrefið í matsferlinu.



**e) Hagnýtar leiðbeiningar um sjálfsmat**

Í hagnýtu leiðbeiningunum er verklagi lýst nánar og skólarnir leiddir áfram skref fyrir skref í notkun sjálfsmatsrammans. Þar eru öll tólf svið matsrammans nákvæmlega útfærð og gerðar tillögur um hvernig hægt sé að meta hvert þeirra og gefin dæmi um matstæki sem skólinn geti notað. Ekki er þó gert að skilyrði að þessi tæki séu notuð. Þau eru tillögur um aðferðir sem reynsla fyrri ára sýnir að hafi komið skólum að gagni. Leiðbeiningarnar setja þessar aðferðir í víðara samhengi við mat á skólastarfi.

Þessir fimm ofangreindir þættir verkefnisins eru sameiginlegir fyrir alla skólana. Eftir það er dálítill munur á því sem skólarnir í verkefni 1 og verkefni 2 gera:

## **5.2 Annað stig fyrir skóla í verkefni 1**

**f) Sjálfsmatsramminn notaður til að velja a.m.k. fimm svið til frekari athugunar**

Á þessu stigi, sem er kjarninn í verkefni 1, velur skólinn a.m.k. fimm svið til frekari athugunar. Markmið sjálfsmatsrammans er að gefa tækifæri til þess að kanna sterkar og veikar hliðar skólans og hvaða svið hann telur að eigi að þróa áfram. Lokaafraksturinn — endanlegur sjálfsmatsrammi — skiptir minna máli en matsferlið sem ætti að draga fram þau svið sem skólinn þarf að leggja meiri rækt við.

Skólar ættu að velja svið úr hverjum eftirfarandi fjögurra flokka — árangur, ferli í skólastofu, ferli í skólastarfi, umhverfi. Önnur svið getur skólinn valið úr hvaða flokki sem er.

Hægt er að velja svið til frekari rannsóknar þegar skýr munur kemur fram á sjónarmiðum matsmanna til þeirra. Einnig mætti velja svið vegna þess að menn eru mjög sammála um veikleika eða styrk einstakra sviða. Þættirnir sem eru valdir gætu verið erfið vandamál í skólanum sem þyrftu bráðra aðgerða við, eða ef til vill dæmi um góða starfshætti sem hægt væri að byggja á.

Þegar skólarnir hafa valið a.m.k. fimm svið til frekari athugunar nota þeir hagnýtu leiðbeiningarnar um sjálfsmat og beita síðan mismunandi aðferðum við sjálfsmatið.

**g) Aðgerðaáætlun**

Eftir að lokið er við verkþáttinn hér á undan kann skilningur á starfsemi skólans að hafa eflst, ekki aðeins á þeim sviðum sem athuguð voru heldur einnig á skyldum sviðum og starfsemi skólans í heild. Því gæti ef til vill verið gagnlegt að fylla út sjálfsmatsramma fyrir skólann að nýju.

Það sem skiptir þó máli í þessum verkþætti er að fram komi skoðun sem byggð er á öllum gögnum sem hefur verið safnað og því áliti sem komið hefur fram á fyrri stigum verkefnisins. Einnig þarf að greina svið þar sem grípa þarf til aðgerða og taka ákvörðun um hvernig unnið verði að því, þ.e. samþykkja aðgerðaáætlun.

Þessi hluti framkvæmdastigsins nær fram í maí 1998.

#### ***h) Loka spurningalisti***

Skólinn ætti að ljúka við loka spurningalista um miðjan júní 1998. Í þessum verkþætti fást upplýsingar sem eru notaðar á lokastigi tilraunaverkefnisins, þ.e. við miðlun og samnýtingu upplýsinganna, þ.á.m.:

- reynsla skólans af upphaflega sjálfsmatsrammanum
- lýsing á því við hvaða gögn og röksemdir var stuðst við þegar upphaflega matið var gert
- umræður um ályktanir sem draga má af tilraunaverkefninu
- mat þeirra sem hlut áttu að máli á nytsemi, nákvæmni, kostnaði og ávinningi
- mat á því að hve miklu leyti væntingar eru uppfylltar og markmiðum er náð


## **5.2 Annað stig fyrir skóla í verkefni 2**

#### ***f) Framkvæmd umbótaáætlunarinnar***

Skólar í verkefni 2 eru lengra á veg komnir í sjálfsmati og munu ljúka við sjálfsmatsrammann á skemmri tíma. Í lok október ættu þeir að vera byrjaðir að huga að aðgerðum sem grípa þarf til á grundvelli matsins og hrinda þeim í framkvæmd. Skólar geta haft sitt eigið fyrirkomulag og eigið verklag þegar farið er frá mati yfir í áætlun og framkvæmd, en þeir kunna að óska eftir að tilnefna í einn eða fleiri starfshópa til að halda áfram með verkefnið. Þessir starfshópar munu:

- fylgjast með verkinu
- greina frá árangri sem næst og erfiðleikum sem við var að glíma
- komast að samkomulagi um árangursviðmið

Starfshóparnir ættu að koma sér saman um aðferð til að skrá ferlið. Þeir gætu t.d. beðið fólk að skrá hjá sér hvað gerist og síðan nota þær frásagnir til að setja saman eina dagbók fyrir verkefnið. Þeir myndu skrá hjá sér þá erfiðleika sem við væri að etja, áætlunina sem væri fylgt og árangurinn. Starfshóparnir ættu að gefa stýrihópi verkefnisins í skólanum skýrslu, en hann ber ábyrgð á að samræma allar aðgerðir í eina samfellda heild.



**g) Mat á umbótaáætluninni**

Stýrihópur verkefnisins í skólanum kemur saman í apríl 1998 til að meta umbótaáætlunina. Það felst í þrennu:

- Mati á aðgerðunum sem var hrint í framkvæmd
- Mati á áhrifum mismunandi aðgerða á aðalviðfangsefnin (bættu aðgerðirnar það sem þær áttu að bæta?)
- Mati á áhrifum aðgerða á starfsemi skólans almennt og árangri skólans. Skólar gætu notað sjálfsmatsrammann við það.

Skólinn gæti líka ritað skýrslu um áætlunina og niðurstöður hennar.

### ***h) Loka spurningalisti***

Skólinn ætti að fylla út loka spurningalista um miðjan júní 1998 þar sem fram kemur:

- reynsla skólans af upphaflega sjálfsmatsrammanum
- lýsing á gögnum og röksemdum sem stuðst var við í upphaflega matinu
- umræður um ályktanir sem dregnar voru af tilraunaverkefninu
- lýsing og réttlætning á umbótaáætluninni
- lýsing á því hvernig áætlunum var hrint í framkvæmd
- lýsing á því hvernig áætlunum var fylgt eftir
- mat viðkomandi á nytsemi, nákvæmni, kostnaði og ávinningi
- samantekt á kostnaði/ávinningi og næstu skrefum

## **6. Aðstoð við skólana**

Skólar geta leitað aðstoðar hjá þremur aðilum: Landsnefndinni, öðrum skólum sem taka þátt í verkefninu og „velviljaða gagnrýnandanum“. Landsnefndin er skólum til aðstoðar og hefur yfirumsjón með verkefninu í heild. Þar sem hún er í sambandi við alla skólana í verkefninu og í tengslum við Evrópunefndina getur hún ráðlagt um verklag, matstækni og gögn. Skólar ættu að mynda tengsl innanlands og milli landa til að ræða sameiginlega þætti við aðra skóla. Skólar geta einnig leitað ráða hjá velviljaða gagnrýnandanum sem ráðgjafa utan skólans og til að koma á tengslum við aðra skóla.

### **Það sem landsnefndin gerir**

- aðstoðar við val á velviljuðum gagnrýnanda
- ráðleggur skólum og aðstoðar þá
- greiðir fyrir því að stýrihópar skólanna hittist
- hefur eftirlit með verkefninu á landsvísu
- semur og dreifir skýrslu um verkefnið innanlands
- veitir öðrum skólum í Evrópu upplýsingar
- getur tilnefnt innlendan sérfræðing til ráðgjafar
- getur skipulagt fund eða málstofu fyrir starfshópa úr þátttökuskólunum

### **Það sem velviljaði gagnrýnandinn gerir**

- kynnir sér skipulag skólans og menningarumhverfi hans
- er til skrafs og ráðagerða
- styður skólann við framkvæmd verkefnisins
- er til ráðgjafar um tilgang mats og starfshátta
- hjálpar kennurum og skólastjórnendum að greina lykilatriði
- vinnur með starfsfólki þegar forgangssvið eru valin
- hjálpar til við að mynda tengsl milli skóla innanlands og milli landa

## Vinna framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í tengslum við tilraunaverkefnið

- safnar, greinir og dreifir upplýsingum
- skipuleggur ráðstefnur þar sem skipst er á upplýsingum um framkvæmdina og tengsl milli þáttökuskólanna eru eflað
- gefur landsnefndum ráð
- semur skýrslu um verkefnið
- gefur út fréttabréf
- starfrækir heimasíðu á Veraldarvefnum, m.a. póstkassa
- semur lokaskýrslu sem verður send til allra þáttökuskólanna og verður til umræðu í þeim.

## 7. Tímaáætlun fyrir tilraunaverkefnið

